

# GJALDSKRÁ

## Hafnasjóðs Vesturbyggðar.

### 1. gr.

#### *Gildissvið*

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnasjóð Vesturbyggðar er sett skv. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Gjaldskráin er við það miðuð að Hafnasjóður Vesturbyggðar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga, þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnanna og stofnkostnaði skv. langtímaáætlun hafnanna. Gjaldskráin tekur breytingum skv. ákvörðun hafnarstjórnar hverju sinni. Virðisaukaskattur, 24,0% leggst á öll gjöld við útgáfu reikninga.

### 2. gr.

#### *Hafnargjöld*

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfí skv. lögum um skipamælingar nr. 146/2002.

### 3. gr.

#### *Heimild til gjaldtöku*

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnasjóðs, ef þau koma inn fyrir skilgreind takmörk hafnanna skv. hafnarreglugerð nr. 989/2005 fyrir hafnir Vesturbyggðar og njóta þjónustu þeirra.

### 4. gr.

#### *Lestargjöld*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, 18,69 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr., Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Af skipum yfir 80 brt, flóabátum og ferjum, sem hafa viðkomu í Brjánslækjarhöfn, skal greiða lestargjald, 22,06 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr.

### 5. gr.

#### *Bryggjugjöld*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 10 kr. á mælieiningu fyrir skip að 20.000 brt. en 11,04 kr. fyrir skip stærri en 20.000 brt. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip sem skila aflagjaldi til Hafnasjóðs Vesturbyggðar greiða þetta gjald eigi oftar en 15 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjaldi af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, 115 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 12.951 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiða þó aldrei lægra en 8.646 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Af skipum yfir 80 brt., flóabátum og ferjum, sem hafa viðkomu í Brjánslækjarhöfn, skal greiða bryggjugjald, 11,04 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Skip og bátar sem liggja lengur en 6 mánuði við bryggju og eru ekki í rekstri skulu greiða þreföld bryggjugjöld. Skip og bátar sem legið hafa lengur en 12 mánuði við bryggju og eru ekki í rekstri skulu greiða fimmföld bryggjugjöld.

Leggja skal tvöföld bryggjugjöld á skip og báta sem eru í viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar þ.e. bátar og skip sem ekki skila afla- eða farþegagjaldi til hafnarinnar.

ESK

6. gr.  
*Vörugjöld*

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi eða fljótandi fari í annað þ.m.t. fóðurpramma, innan takmarka hafnarinnar skv. hafnarreglugerð, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendar eða erlendar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða hálf vörugjald í fyrstu lestunahöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vörum í vörugjaldsflokum 1, 2 og 3, sbr. 8. gr.

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

1. Umbúðir sem endursendar eru.
2. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
3. Almennar pótsendingar og farangur ferðamanna.
4. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

7. gr.  
*Álagning vörugjalda*

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skyld að láta höfinni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

Móttakandi vörur greiðir vörugjald af vörur sem kemur til hafnar eða er landað á fljótandi far. Sendandi greiðir vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skips standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnasjóður hefur haldsrétt á skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsborgum þess aðila er skuldar gjöldin.

8. gr.  
*Flokken vörugjalda*

Vörur skal flokka eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og greiðist vörugjald eins og hér segir:

1. fl. Gjald 511 kr. á tonn:  
Bensín, brennsluolífur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl. Gjald 871 kr. á tonn:  
Lýsi, fiskimjöl og föður til fiskeldis
3. fl. Gjald 939 kr. á tonn:

- a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolífur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
- b) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbærðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsþúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
- c) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
- d) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

#### 9. gr.

##### *Aflagjald/Eldisgjald*

Aflagjald 1,60% skal reikna af heildarverðmæti sjávarafla, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Aflagjald skal greiða af sjávarafla sem lagður er á land eða í skip innan hafnasvæða til vinnslu eða brotflutnings.

Aflagjald af frystum afla frystitogara reiknast 0,80% af heildarverðmæti aflans.

Gjald af saltfiski reiknast m.v. tvöfalda þyngd afurða. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um keyptan afla og afurðir mánaðarlega, t.d. afrit af sölunótum eða þeim gögnum sem skylt er að skila til opinberra aðila.

Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verölagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, skal miðað við ætlað aflaverðmæti. Ætlað aflaverðmæti er m.v. meðalverð hverrar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefíð er af Verölagsstofu skiptaverðs. Seljanda afla til skyldra aðila ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um seldan afla mánaðarlega, t.d. afriti af aflaskýrslu til Fiskistofu.

Eldisgjald af eldisfiski, þ.m.t. eldisseiðum, sem umskipað er, lestaður er eða losaður, skal reiknast 0,70% af heildarverðmæti aflans. Heildarverðmæti afla sem landað er úr fiskeldiskvíum skal miðast við meðalverð eldisfisks skv. SISALMON vísítölunni á þeim tíma sem eldisfisk er landað til vinnslu og/eða slátrunar í viðkomandi höfn og skal meðalverð eldisfisks reiknað miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands hverju sinni skv. g-lið 2. mgr. 17. gr. hafnalaga. Framleiðanda eldisfisks og þess aðila sem tekur við eldisfisk til vinnslu og/eða slátrunar er skylt að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um það magn sem landað er til slátrunar og er skylt að afhenda hafnarstjóra upplýsingarnar mánaðarlega. Berist hafnarstjóra ekki upplýsingar um magn eldisfisks eða ef hafnarstjóri telur ástæðu til getur hann hvenær sem er látið ákveða magn eldisfisks á þann hátt sem hann telur hentugast svo leggja megi á eldisgjald. Reynist magnið vera meira en upp er gefið greiðir framleiðandi eldisfisks mismuninn.

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Aflagjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsborgðum þess aðila er skuldar gjöldin. Eldisgjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Fiskeldisfyrirtæki er ábyrgt fyrir greiðslum til hafnasjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á eldisgjaldi eigi sjaldnar en mánaðarlega.

#### 10. gr.

##### *Farþegagjald.*

Farþegagjald skal tekið fyrir farpega sem fara um hafnir Vesturbyggðar og er 173 kr. á hvern farþega. Farþegar ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir þessari gjaldtöku.

#### 11. gr.

##### *Hafnsögugjöld.*

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt útlögðum kostnaði en þó að lágmarki 13 kr. fyrir hverja mælieiningu skv. 2. gr. Að auki greiðist 9.308 kr. fastajald og 806 kr. í hafnsögusjóð. Leiga hafnsögubáts með skipstjóra, 31.350 kr. á klst.

**12. gr.**

*Festargjöld.*

Hver afgreiðsla á starfsmans hafnar er 13.922 kr. á klst. í dagvinnutíma. Utan hefðbundins afgreiðslutíma greiðist samkvæmt útkalli 21.145 kr. á klst.

**13. gr.**

*Viðlegugjöld.*

Bátar undir 20 brt.	11.262 kr. á mánuði
Bátar yfir 20 brt.	17.817 kr. á mánuði
Legugjald vegna kvíaleigu við básabryggjur (Uppsátursjald innifalið)	185.021 kr. á ári
Uppsátursjald	3.999 kr. á mánuði

Veittur er 25% afsláttur fyrir fristundabáta í eigu 70 ára og eldri. Gjald fyrir báta er nýta hafnlegu skemur en 10 daga í mánuði reiknast sem hér segir: Fyrir 1-3 daga 25% af mánaðargjaldi, 4-6 daga 50% og 7-10 daga 75%. Fyrir lengri tíma en 10 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Daggjald skútu og skemmtibáta er 3.000 kr

**14. gr.**

*Siglingavernd (ISPS).*

Öryggisgjald, 66.332 kr. fyrir hverja skipakomu. Farþegavernd er 210 kr. á hvern farþega. Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð, 7.998 kr. á klst. í dagvinnu og 14.342 kr. á klst. í yfirvinnu.

**15. gr.**

*Úrgangs- og förgunargjald.*

Almenn sorpjöld:

- a. Bátar að 20 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði ..... 3.863 kr.
- b. Bátar 20-50 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði ..... 4.827 kr.
- c. Bátar yfir 50 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði ..... 12.411 kr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum nr. 1200/2014, ber skipstjóri ábyrgð að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til viðkomandi hafnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Öll skip, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota og skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sem koma til hafnar skulu greiða gjald til viðkomandi hafnar fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum sbr. 11. gr. c. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi skipstjóri þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa skv. 11. gr. c laga um varnir gegn mengun hafs og stranda skal greiða eftirfarandi:

#### Úrgangsgjald:

1. **Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,88 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 8.329 kr. og hámarksgjald kr. 64.067 kr.
2. **Úrgangsgjald:** Gjald skv. lið 1. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,44 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 5.125 kr. og hámarksgjald kr. 32.034 kr.
3. **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt 2. lið fyrir fimmstu komu og komur eftir það.

#### Förgunargjald:

1. **Förgunargjald:** Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnið annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er 13.455 kr. á hvern rúmmetra og lágmarksgjald er tekið fyrir einn rúmmetra óháð því hvort úrgangi er skilað í land. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
2. **Förgunargjald:** Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila eftir gjaldskrá.

Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

#### 16. gr.

##### *Rafmagnssala.*

Rafmagn (landrafmagn) er skv. taxta raf- og dreifiveitna hverju sinni með 17% álagi.

Rafmagnstenglagjald, lausir mælar 945 kr. á mánuði, fastir mælar 1.890 kr. á mánuði.

Rafmagnstengigjald fyrir flot- og trébryggjur, 5.923 kr. hvert skipti.

#### 17. gr.

##### *Vatnssala.*

Fiskibátar og skip greiða 0,22 kr á hvert kg landaðs afla.

Skip og bátar sem ekki leggja upp afla hjá Hafnasjóð Vesturbýggðar skulu greiða skv. Eftirfarandi:

Bátar að 20 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði ..... 2.613 kr.

Bátar 20-50 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði ..... 4.703 kr.

Bátar yfir 50 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði ..... 20.900 kr.

Vatn til skemmtiferðaskipa, 3,2 USD á hvert tonn, lágmark 15 tonn. Vatn til annarra skipa, 594 kr. hvert tonn. Vatn sem afgreitt er utan hefðundins opnunartíma, sjá 21. gr. önnur þjónusta.

#### 18. gr.

##### *Vigtargjöld.*

Almenn vigtun, 238 kr. á tonn. Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun, 500 kr. .

Vigtun ökutækja, 2.358 kr. hvert skipti. Úrtaksvigtun fyrir löndun úr frystiskipum, 220 kr. á tonn.

Við vigtun sjávarafla frá kl. 18:00 til kl. 21:00 greiðist hálfst gjald eða tveggja tíma útkall, 10.218 kr. hver klst. Vigtun utan hefðundins opnunartíma, sjá 21. gr. önnur þjónusta.

#### 19. gr.

##### *Löndunar-, skráningar-, krana- og aðstöðugjald fyrir oliudælur.*

Löndunar-, skráningar- og kranagjöld, 373 kr. á hvert landað tonn. Leiga á kranalykli, 5.323 kr. hvert skipti. Gjald vegna aðstöðu fyrir olíudælur er 183.069 kr. á ári.

20. gr.  
*Leigugjöld.*

Leiga fyrir geymslusvæði á höfn, hvort sem um er að ræða fyrir góma, veiðarfæri, báta eða annað skal vera 157 kr. á fermetrar á mánuði.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum nema með samþykki hafnarvarðar. Heimilt er hafnarvörðum að fjarlægja þannig búnað á kostnað eiganda eða beita sektum allt að 9.074 kr. á sólarhring sé óskum um að fjarlægja hann ekki sinnt.

Húsaleiga með hita og rafmagni, fyrir rými í Verbúð er 1.062 kr. Á m<sup>2</sup> og tekur breytingum í samræmi við gjaldskrá hafnarsjóðs.

21. gr.  
*Önnur þjónusta.*

Hefðbundinn opnumartími hafnarvoga er frá 08:00 – 18:00 virka daga. Á öðrum tímum en að ofan greinir skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 10.218 kr hver klst fyrir þjónustu/vigtun. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip, komi fleiri en eitt inn til löndunar. Ef óskað er eftir þjónustu/vigtun á stórhátiðardögum eða sérstökum frídögum er gjald pr. klst 19.940 kr. hver klst, lágmark 4 klst.

Sé óskað eftir þjónustu hafnar á tímabilinu eftir kl. 22:00 til kl. 08.00 að morgni skal tilkynning um það hafa borist hafnarstarfsmanni á vakt fyrir kl. 22:00 það kvöld. Að öðrum kosti verður þjónustu ekki sinnt fyrr en eftir kl. 08:00 næsta morgun eftir, nema um neyðartilfelli sé að ræða.

Mengunarvaldur skal greiða allan kostnað við hreinsun vegna mengunaróhappa samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. M.a. getur þar verið um að ræða kostnað vegna vinnu Slökkviliðs Vesturbyggðar, vinnu starfsmanna Hafnarsjóðs Vesturbyggðar, kostnaður vegna notkunar á búnaði og nauðsynlegum efnum til hreinsunar.

22. gr.  
*Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.*

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina skv. lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanní eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarsjóðs.

Vegna erlendra millifærslna skal greiða 1.250 kr. fyrir hverja millifærslu.

23. gr.  
*Aðförl, lögveð og trygging*

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má tryggja með aðför að undangengnum dómi. Lestargjöld og bryggjugjöld eru tryggð með lögveði í viökomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð fyrir samningsveðskuldum í tvö ár, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Höfnum Vesturbyggðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

24. gr.  
*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnasjóð Vesturbyggðar var samþykkt og staðfest, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004, með síðari breytingum af hálfu bæjarstjórnar Vesturbyggðar á 7. fundi þann 11. desember 2024.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Hafnasjóðs Vesturbyggðar nr. 1695/2023 og gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps nr. 1533/2023.

